

Föstudaginn 9. maí 1997.

Nr. 316/1996.

Vátryggingafélag Íslands hf.

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Herdísi Karlsdóttur

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og gagnsök

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1996 og krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist lækkunar á kröfum gagnáfrýjanda og verði málskostnaður á báðum dómstigum þá felldur niður.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 29. nóvember 1996. Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 6.543.705 krónur, en til vara 2.247.665 krónur, hvort tveggja með nánar tilgreindum vöxtum og að frádregnum 346.113 krónum 24. júní 1994. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Kröfugerð gagnáfrýjanda um bætur er reist á 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og lýtur að líkamstjóni hennar vegna umferðarslysa 10. nóvember 1990 og 6. mars 1992. Að auki varð hún fyrir meiðslum í umferðarslysum 10. júní 1986 og í nóvember 1994. Ágreiningur málsaðila snýst annars vegar um örorkustig gagnáfrýjanda vegna slysanna og hins vegar um ákvörðun og uppgjör fébóta, en ekki er deilt um bótaskyldu aðaláfrýjanda.

II.

Í málinu nýtur fjölda lækni­fræðilegra gagna um heilsuhagi gagn­áfrýjanda og nokkurra um örorku hennar sérstaklega. Stefán Boga­son læknir mat örorku gagn­áfrýjanda 20. júní 1987 vegna slyssins 10. júní 1986 og taldi hana vera 12%. Hinn 13. nóvember 1991 mat Björn Ö­nundarson læknir örorku hennar vegna slyssins 10. nóvember 1990 og áleit hana 15%. Í örorkumati 30. júní 1992 taldi Júlíus Valsson læknir örorku gagn­áfrýjanda vegna þessa slyss 20%. Hann dró það mat til baka í bréfi til lögmanns gagn­áfrýjanda 29. febrúar 1996 og sagði þar meðal annars: „Mér virðist sem umferðarslysið 10. nóvem­ber 1990 hafi verið alvarlegast og valdið mestum einkennum. Ég tel einnig, að í mati mínu, dags. 30. júní 1992, hafi ekki verið tekið nægjanlegt tillit til afleiðinga umferðarslyssins í júní 1986 og um of einblínt á slysið í nóvember 1990. Enn fremur er mikilvægt, að ég hafði, þegar matið fór fram, ekki vitneskju um umferðarslysið í mars 1992. Ég tel fremur líklegt, að við umferðarslysið 6. mars 1992 hafi orðið viðbótarversnun á einkennum, en einungis tímabundin við umferðarslysið í nóvember 1994. Ávallt er mjög erfitt, þegar um er að ræða fleiri en eitt slys, sem valda svipuðum einkennum hjá sama einstaklingi, að greina þátt hvers slyss fyrir sig í orsökum þeirrar samanlögðu varanlegu örorku, sem slysin valda. Segja má, að einkennin séu í mörgum tilvikum „cumulativ“, þ. e. fari stig­versnandi með hverju nýju slysi. Með þeim fyrirvara, sem getið er hér að ofan, virðist mér örorkan vegna umferðarslyssins í nóv. 1990 (20%) hafa verið ofmetin í mati mínu. Rétt hefði verið að reikna með 5% örorku vegna umferðarslyssins 1986, 15% örorku vegna umferðarslyssins í nóvember 1990 (óbreytt) og síðar meir 5% ör­orku vegna umferðarslyssins í mars 1992, en engri (0%) varanlegri örorku vegna umferðarslyssins í nóvember 1994. Samanlögð varan­leg örorka er því samkvæmt þessu 25%.“

Aðilar óskuðu sameiginlega 21. janúar 1994 eftir matsgerð lækn­anna Jónasar Hallgrímssonar og Sigurðar Thorlacius um örorku gagn­áfrýjanda vegna umferðarslyssins 6. mars 1992. Í matsgerðinni 24. febrúar 1994 greindi læknana á um örorku gagn­áfrýjanda af völdum þessa slyss og mátu hana því hvor í sínu lagi. Í niðurstöðu Jónasar Hallgrímssonar segir meðal annars svo: „Herdís hafði verið metin samtals 32% varanlegur öryrki vegna tveggja eldri slysa, og

hafði hún umtalsverð einkenni eftir þau og sérstaklega seinna slysið. . . . Ég tel ekki, að hún hafi fengið tímabundna læknisfræðilega örorku eftir slysið í mars 1992, heldur aðeins varanlega, og met hana 10% af fullri starfsorku eða í raun 6,8%, þar sem starfsorka hennar var aðeins 68% fyrir.“ Í röksemdum Sigurðar Thorlacius er meðal annars sagt: „Þótt einkenni slösuðu hafi versnað eitthvað eftir slysið 6. mars 1992 verður ekki séð, að um umtalsverða breytingu hafi þar verið að ræða eða að fram hafi komið nein ný einkenni, umfram þau einkenni, sem slasaða hafði vegna fyrri slyssanna. . . . Ég tel því ekki, að slasaða hafi hlotið neina varanlega örorku af völdum þessa slyss, hvorki læknisfræðilega né fjárhagslega, og ekki verður heldur séð, að um neina tímabundna örorku sé að ræða vegna þessa slyss. Ég álit, að rekja megi þá skerðingu á starfsgetu, sem slasaða býr við í dag, alfarið til fyrri slyssanna tveggja.“

Að beiðni aðaláfrýjanda voru Gísli Einarsson endurhæfingarlæknir og Halldór Jónsson bæklunarlæknir dómkvaddir 8. júní 1995 til að láta í ljós álit um varanlega örorku gagnáfrýjanda vegna slyssins 10. nóvember 1990, hvort og þá hverja varanlega örorku hún hefði hlotið af völdum slyssins 6. mars 1992 og hvort og þá í hverjum mæli önnur slys eða sjúkdómar ættu þátt í örorku hennar. Í niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna 6. nóvember 1995 sagði meðal annars: „Þannig er aldrei að finna neitt algjörlega nýtt, sem gerir, að einn árekstur skeri sig úr, hvað einkenni varðar. Því teljum við, að núverandi óþægindi hennar megi rekja til allra árekstranna . . . Matsmenn telja því ekki, að afleiðingar þessara fjögurra árekstra verði með neinni vissu greindar sundur . . . Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, og einkum með það í huga, að Herdís hefur hlotið verulegt heilsutjón á stoðkerfi sínu, sem við teljum, að megi rekja til allra árekstranna, teljum við hæfilegt að meta samanlagða varanlega læknisfræðilega örorku hennar 20% – tuttugu af hundræði. Matsmenn telja með þessari niðurstöðu, að engin leið sé að skilja að afleiðingar hvers áreksturs um sig og að álitamál sé, hversu mikill hluti heildarörorku Herdísar stafi sérstaklega af árekstrunum eftir júní 1986. Matsmenn telja enn fremur, að framburður tjónþola hljóti að vega þungt, og hann bendir til, að örorka sú, sem Herdís var metin af Stefáni Bogasyni lækni, hafi verið hærri en efni stöðu til.“

Enginn ofangreindra lækna að Jónasi Hallgrímssyni undanskildum kom fyrir héraðsdóm til að staðfesta álit sitt og svara spurningum. Samkvæmt ágrípi málsins er framburður Jónasar óljós, þar sem hluti upptöku hans hefur eyðilagst.

III.

Í málinu liggja fyrir andstæð læknisfræðileg álit um örorku gagn-áfrýjanda og hvernig henni verði skipt milli þeirra umferðarsýsa, sem hún hefur lent í. Eins og þeim gögnum er háttað, var brýnt, að héraðsdómari kveddi til sérfróða meðdómsmenn til að leggja mat á þau og spyrja þá sérfróðu álitsgjafa, sem nauðsyn bar til að kveðja fyrir dóminn, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna verður ekki hafnað á þeirri forsendu einni, að þeir hafi ekki svarað spurningum um sundurgreiningu örorkunnar á þann hátt, sem um var beðið í matsbeiðni, en þeir rökstyðja í mati sínu, hvers vegna þeir telja það ekki unnt. Hinir dómkvöddu matsmenn komu ekki fyrir héraðsdóm og ekki heldur lækarnir Júlíus Valsson og Sigurður Thorlacius, sem komst að öndverðri niðurstöðu við Jónas Hallgrímsson í sameiginlegri matsgerð þeirra. Hefur ekki verið skýrt, hvers vegna Jónas Hallgrímsson var einn lækna kvaddur fyrir dóminn.

Vegna þeirra annmarka, sem lýst hefur verið, þykir ekki verða hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 16. apríl 1996 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 16. apríl 1996 eru ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.